

6. fundur stjórnar

Starfsárið 2025-2026

25. júní 2025

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Sveinn, Vera, Bergrún (skrifstofustjóri)

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 15:35.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. Fundur með dómsmálaráðuneyti

Bergrún og Bjarndís segja frá fundi sem fulltrúar Samtakanna áttu 24. júní með dómsmálaráðuneyti vegna aðgerðaáætlunar í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2026-2029. Fundurinn var árangursríkur að þeirra mati. Vinna við aðgerðaáætlunina heldur áfram. Stjórn ræðir.

3. Fundur með heilbrigðisráðuneyti

Hrönn segir frá fundi hennar og Siggú Birnu með heilbrigðisráðuneytinu 5. júní um málefni sjúkratrygginga, blóðgjafir og fleiri efni. Stjórn ræðir.

4. Hinsegin dagar

Vinna við framlag Samtakanna til gleðigöngu Hinsegin daga er hafin. Bergrún segir frá í stórum dráttum. Búið er að sækja um í gleðigöngupottinn, og félagaráð verður kallað til aðstoðar þegar nær dregur.

5. Hinsegin Vesturland

Samtökin verða með viðveru á hinseginhátíð Vesturlands í Borgarnesi um helgina.

6. Budapest Pride

Samtökin verða einnig með viðveru á Budapest Pride í Ungverjalandi sömu helgi. Bjarndís segir frá.

7. Önnur mál

a. Vera spyr út í stöðuna á styrkjasöfnun í Reykjavíkurmaraþoni. Stjórn er sammála um að birta ætti fleiri auglýsingar á samfélagsmiðlum til að auglýsa möguleikann á að hlaupa fyrir Samtökin.

b. Stjórn óskar sömuleiðis eftir áætlun að skipulagi Hamingjuhlaups á næsta ári.

c. Fundartími. Bjarndís stingur upp á að færa stjórnarfundir aftur yfir á þriðjudaga. Það er samþykkt. Einnig er rætt um fundardagskrá í sumar.

Fundi slitið: 16:1.